

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 27  
með tilheyrandi hjáleigu. — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að 15. jan.  
samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum sínum hefði hans hátígn konunginum hinn  
14. jan. þ. á. allramildilegast þóknast að samþykkja makaskipti á eign Saurbæjarkirkju á  
Raudasandi, jörðinni Fífustöðum með hjáleigunni Holti í Dalahreppi í Barðastrandar-  
sýslu fyrir jarðirnar Krók og Gröf á Raudasandi í sömu sýslu, þannig að fyrstnefnd  
jörð með tilheyrandi hjáleigu hjer eptir álitist sem bændaeign, en hinar síðarnefndu  
jarðir verði settar jafnhliða öðrum kirkjujörðum.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- 28  
byggingar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. þ. m., hafð þjer, herra amtmaður og 11. febr.  
háæruverðugi herra, sent mjer beiðni prestsins að Odda, sjera Skúla Skúlasonar, um leyfi  
til að mega taka 6000 kr. embættislán upp á prestakallið til þess að byggja íbúðarhús  
á prestssetrinu, og hafð þjer, jafnframt því einnig að senda uppdrátt af hinu fyrirhuga-  
ða húsi, kostnaðaráætlun og fleiri hjer að lútandi skjöl, lagt það til, að hið umbeðna  
leyfi verði veitt.

Út af þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar frek-  
ari birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar veiti samþykki til, að tjeður prestur  
taki 6000 kr. embættislán upp á Odda-prestakall, er afborgist á 25 árum, til þess að  
byggja á prestssetrinu Odda traust og vandað timburhús með járnþaki og járnvarið móti  
regnáttum, að stærð 18 álna langt og 13 álna breitt, með 6 álna löngum geymslu-  
skúr fyrir öðrum húsenda, og með þeim herbergjafjölda og þeirri herbergjaskipun, sem  
afmörkuð er á hinum meðfylgjandi uppdrætti. Svo fellst jeg og á, að hin fyrirhugaða  
húsabreyting verði bundin þeim skilyrðum, að presturinn haldi timburhúsinu vel við og  
kaupi fyrir því eldsvoda-ábyrgð, og að hann eða dánarbú hans skili því í fullgildu standi  
eða með fullu álagi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 29  
urveiting hlunninda handa sparísjóði. — Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd sparísjóðs 26. febr.  
Svarfdælinga, sem hingað hefur borizt beina leið, endurveitast hjermeð nefndum spari-  
sjóði til 31. jan. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt hon-  
um með landshöfðingjabrjefi dags. 8. jan. 1885, og er endurveiting þessi bundin hinum  
sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, þjónustsamlega að tilkynna forstöðunefnd  
ofan nefnds sparísjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 30  
urveiting hlunninda handa sparísjóði. — Samkvæmt beiðni þeirri frá formanni og 27. febr.  
gjaldkera sparísjóðsins á Siglufirði, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 21. f. m.  
endurveiti jeg hjermeð nefndum sparísjóði til 10. októbermán. 1899 hlunnindi þau, sem  
samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi 10.  
okt. s. á. og endurveitt með landsh.br. 11. maí 1880, og er veiting þessi  
15. dag marzmán. 1890.

**30** bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi 10. okt. 27. febr. 1874. Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðu-nefnd ofanefnds sparisjóðs.

**31** Brjef landshöfingja til framkvæmdarstjóra landsbankans um heimild til að 27. febr. víkja frá 23. gr. bankareglugjörðarinnar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra framkvæmdarstjóri, í þóknanlegu brjefi, dags. 21. þ. m., er þjer hafið ritað mjer í nafni stjórnar landsbankans, framlengist hjer með fyrst um sinn heimild sú til að víkja frá 23. gr. bankareglugjörðarinnar 5. júní 1886, sem bankastjórninni var veitt fyrir tveggja ára tímabil með brjefi mínu, dags. 30. júní 1888, og sem annars væri útrunnin á komandi sumri.

**32** Brjef landshöfingja til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um 7. marz. sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m. hafið þjer herra amtmaður sent mjer brjef hreppsnefndaroddivitans í Bæjarhreppi í Austur-Skaptafellssýslu, þar sem hann áfrýjar til mín úrskurði yðar 24. okt. f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Skaptafellssýslu um sveitfesti gamalmennisins Ólafar Þorvarðardóttur í Bæ. Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar ráðstöfunar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem tjeður úrskurður yðar er byggður á, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.<sup>1</sup>

1) Úrskurður amtsmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Með þóknanl. brjefi, dags. 1. júlí þ. á., hafið þjer hr. sýslumaður, sent amtinu brjef frá hreppsnefndinni í Bæjarhreppi, dags. 7. júní þ. á. til amtsins, en með því brjefi áfrýjar hreppsnefndin úrskurði yðar, uppkveðnum 9. marz þ. á., um sveitfesti Ólafar nokkurrar Þorvarðardóttur í Bæ, er ákveður að nefndur kvennmaður sje sveitlægur í Bæjarhreppi.

Af skjölum málsins sjest, að tjeð Ólöf Þorvarðardóttir fardagaárin 1871—1873 hefur verið á sveitarframfæri í Nesjahreppi í Skaptafellssýslu, og þá verið skoðuð þar sem þurfalingur; en vorið 1873 fluttist hún þaðan án tilhlutunar sveitastjórnarinnar að Bæ í Bæjarhreppi, og hefur síðan stöðugt dvalið þar hjá dóttur sinni og tengdasyni og notið forsorgunar hjá þeim, án þess að þiggja sveitarstyrk, til vorsins 1888, að tengdasonur hennar sagði hana til sveitar í Nesjahreppi, en hreppsnefndin í síðastnefndum hreppi hefur neitað að taka við nefndri Ólöfu til sveitarframfærzlu, fyrir þá sök, að hún með dvöl sinni öll árin 1873—1888 samfleytt í Bæjarhreppi, án þess að þiggja á því tímabili nokkurn sveitarstyrk, hafi unnið sjer þar sveit, en hreppsnefndin í Bæjarhreppi hefur aptur á móti haldið því fast fram, að Ólöf geti ekki hafa unnið sjer framfærslurjett þar í sveit, fyrir þá sök, að hún alla þá tíð, sem hún hafi dvalið þar, hafi verið ómági. Þessa ástæðu hreppsnefndar Bæjarhrepps hafið þjer með úrskurði yðar álitnið, að ekki bæri að taka til greina, með því Ólöf hafi vitanlega verið «vistföst» í Bæjarhreppi samfleytt í meira en 10 ár, en til þess að geta heitið vistföst, útheimtist ekki, að Ólöf hafi sjálf getað unnið fyrir sjer í 10 ár; það sje nóg í því tilliti, að hún hafi dvalið í Bæjarhreppi löglegri dvöl samfleytt nefndan tíma hjá dóttur sinni, er tekið hafði hana til sín.

Út af þessu vil jeg ekki láta hjá líða, að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á úrskurð yðar í þessu máli og ástæður þær, sem hann er byggður á, og er hann því hjer með staðfestur, sbr. Cancellibrjef 15. apríl 1843, dómsmálastjórnarbrjef 31. maí 1858 og 11. júlí 1866.